

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar bs.
Skólatröð 9
605 Akureyri

Garðabær, 7. febrúar 2023
Málsnúmer: 202301-0093
RTh/BK/SB

Efni: Moldhaugnaháls, Hörgársveit – auglýsing aðal- og deiliskipulagstillögu

Vísað er til tölvubréfs frá byggingarfulltrúa hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar bs, dags. 9. janúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um aðal- og deiliskipulagstillögu fyrir Moldhaugnaháls í Hörgársveit.

Aðalskipulagstillagan felur í sér breytingar á afmörkun og skilmálum athafnasvæðis AT-1 og afþreyingar- og ferðamannasvæðis AF-2 vegna áforma um aukin umsvif á svæðinu. Í deiliskipulagstillögunni eru skilgreindar sex byggingarlóðir fyrir alls um 40.000 fermetra atvinnuhúsnæði auk lóða fyrir vinnuvélasafn og skylda starfsemi, vinnubúðir og skrifstofuhúsnæði. Þá er gert ráð fyrir 3 neðanjarðarhvelvingum, alls 21.000 fermetrar, í tengslum við safnastarfsemi og markaðstorg. Auk þess er gert ráð fyrir ökugerði í tengslum við vinnuvélaskóla og alls 12 ha geymslusræði fyrir lausamuni. Skilmálar efnistökusvæðis E5 haldast óbreyttir frá núgildandi deiliskipulagi svæðisins þar sem gert er ráð fyrir um 5.000.000 rúmmetra efnistöku.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér tillögurnar og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Vistgerðir og sjaldgæfar plöntutegundir

Komið er lauslega inn á gróðurfar í greinargerðum og skýrslum í tengslum við deiliskipulagsbreytingar en ekki er gerð grein fyrir vistgerðum eða verndargildi þeirra. Einungis er sýndur hluti úr vistgerðarkorti og sagt að vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar við skipulagsákvörðun (sjá bls. 3 og 8 í greinargerð Landmótunar 2022). Einnig er talað um vistlendi sem er mólendi og graslendi í umhverfisskýrslu og að gróðurfar almennt sé sambærilegt við það sem er á svæðinu og njóti því ekki sérstöðu (bls. 7 í Starri Heiðmarsson 2022 og bls. 10. í Environice 2013). Ennfremur segir í skýrslu Environice: „Plöntusamfélög sem eru á svæðinu þ.m.t. votlendi og mosabreiður munu verða fyrir beinum áhrifum vegna rasks. Slíkt gróðurfar telst þó ekki sérstætt“ (bls 10 í Environice 2013).

Taka ber fram að ákvæði náttúruverndarlaga geta átt við um votlendi og vistgerðir þess hafa almennt hátt verndargildi og eru margar hverjar á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, Sigurður H. Magnússon o.fl. 2016, Council of Europe 2019).

Hér skal einnig litið til þess að vistgerðarkort NÍ gefur ekki rétta mynd af votlendinu á svæðinu en eins og segir í lýsingu Harðar Kristinssonar (1999) um svæðið milli Skúta og Moldhaugaháls: „Svæði þetta er áberandi mishæðótt, einkum austan til þegar nær dregur Moldhaugahálsi. Þar skiptast á hólar með melkollum í toppi, hlíðarbrekkur með fjalldrapa og lyngi, og mýrarsund eða flóar á milli.“



Mikilvægt er að það komi fram að þrátt fyrir töluvert rask sé fyrir á svæðinu eru enn að minnsta kosti tveir tiltölulega samfelldir votlendisflákar sem eru um 2-3 ha, samanber lýsingu Harðar Kristinssonar (1999):

1. „Mýrarsundin eru ofurlítið breytileg eftir grunnvatnsstöðu. Á nokkru svæði neðantil en austan við Þórustaðalæk er þýfð fjalldrapamýri með mýrelftingu, hálmgresi, mýrastör, gulvíði, engjarós og ilmreyr. Um þá mýri liggur vatnsveitulögn.“
2. „Blautasti flóinn er í suðvesturenda svæðisins næst Skútum. Hann er á flatlendi sem þar verður á milli tveggja hjalla eða klettaása. Í honum er vetrarkvíðastör ríkjandi ásamt tjarnastör, en hvítmosapúfur (Sphagnum) eru á stangli á milli. Að öðru leyti eru aðeins smámýrasund í lægðum á milli hólanna.“

Leiða má líkur að því að fyrri votlendisflákinn er þar sem ráðgert er að byggingar merktar 20 og 21 rísi. Einnig virðist vera votlendisblettur þar sem bygging 23 er fyrirhuguð (Uppdráttur á bls. 3 í HSÁ Teiknistofa 2022). Ef lesið er í lýsingu Harðar þá er mögulega um að ræða runnamýri á láglandi sem er forgangsvistgerð með mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl 2019, Sigurður H. Magnússon o.fl. 2016, Council of Europe 2019). Ef að líkum lætur er seinni flákinn þar sem ráðgert er að gera geymslusvæði og setja mön fyrir. Þar má ætla að sé sambland starungsmýravistar og tjarnastararflóavistar. Báðar eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins auk þess sem starungsmýravist hefur verið skilgreind sem forgangsvistgerð.

Þessir votlendisflákar verða fyrir verulega neikvæðum áhrifum verði af framkvæmdum en þeir falla að líkindum undir 61. gr. náttúruverndarlaga 60/2013 um sérstaka vernd miðað við samfelldt votlendi yfir 2 ha. Þetta fer því ekki alls kostar saman við það sem kemur fram í töflu 11 um náttúrufræðilega þætti þar sem horft er til verndunar (bls. 14 í Landmótun 2022). Hér mætti horfa betur til þeirrar stefnu sem Hörgársveit setur sér um sjálfbærni og að fylgja Landslagskipulagsstefnu.

Mariulykill er skráður á allnokkrum stöðum við vestanverðan Eyjafjörð frá Hjalteyri að Akureyri og aðeins inn eftir Eyjafjarðará og langleiðina að Hrafnagilshverfi. Einnig eru nokkrir fundarstaðir fyrir botni Eyjafjarðar. Mariulykill er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018) sem tegund í hættu (EN) og er friðaður skv. auglýsingu um friðun æðplanta, mosa og fléttna nr. 1385/2021. Tegundinni stafar talsverð ógn af aukinni uppbyggingu á Eyjafjarðarsvæðinu.

Til er gömul skráning um staðsetningu mariulykils á Moldhaugnahálsi en mikil óvissa er um nákvæma staðsetningu fundarstaðarins. Því er mikilvægt að kanna fyrirhugað framkvæmdasvæði til hlítar og þyrfti sú könnun að fara fram í júní þegar mariulykill er í blóma. Í umhverfisskýrslu Environice (2013) um svæðið er minnst á að bjöllulilja hafi fundist á svæðinu sem er tiltölulega sjaldgæf tegund en þó ekki á valista.

Í skýrslu Harðar Kristinsson (1999) eru taldar upp nokkrar sjaldgæfar tegundir sem m.a. finnast á svæðinu frá Skútum að Moldhaugnahálsi, þ.e. dvergstör, móastör, vorperla, birkifjola og bjöllulilj. Engin þessara tegunda er á valista eða eru friðaðar. Ekki er minnst á mariulykil en þar sem vettvangsvinna fór fram í lok ágúst er ólíklegt að hægt hefði verið að koma auga á hann jafnvel þó hann yxi á svæðinu.



Fuglalíf

Sumarið 2013 fóru fram mófuglatalningar á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands rétt norður af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og reyndist þéttleiki vaðfugla þar hár. Vistgerðir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru svipaðar og á talningasvæðinu norðan Þjóðveggar og þrátt fyrir rask má reikna með að þéttleiki vaðfugla sé þar einnig nokkur. Til að draga úr búsvæðatapi vaðfugla við framkvæmdir vill Náttúrufræðistofnun hvetja til þess að sem mestu af öröskuðum svæðum verði hlíft og trjágróður notaður sparlega og staðsettur sem næst þeim mannvirkjum sem honum er ætlað að fela. Vaðfuglar forðast almennt ýmis mannvirki sem og hávaxinn trjágróður og því er best að slíkt skarist sem mest (Tómas Grétar Gunnarsson 2020).

Jarðminjar og landslag

Út frá jarðfræði og jarðminjum er lítið að draga fram og ekkert sem talist getur einstakt. Sjálfur Moldhaugnaháls er mjög núinn og mótaður af jökulrofi gegnum undangengnar ísaldir og jökulskeið. Þarna eru jökulsorfnar klappir, fornar vatnsrásir í nágreininu og einhver jökulruðningur á milli berggrunnshóla. Ekki er vitað um jarðminjar sem talist gætu einstakar en fjalllendið milli Hörgárdals og Eyjafjarðar/Akureyrar sem þarna endar í Moldhaugnahálsi er einkennandi og svipmikið landslag fyrir þennan hluta Eyjafjarðar og fyrir aðkomu að Akureyri úr norðri, bæði af landi, lofti og sjó.

Landslagið hefur orðið fyrir talsverðri röskun vegna efnisnámsins í Moldhaugnahálsi og sem ekki verður bætt. Hins vegar mætti setja skilyrði um snyrtilegan frágang námunnar þar sem vinnsla er lokið og áfangaskipta frekari námuvinnslu. Skógrækt og manngerð landmótun munu aldrei bæta fyrir horfin landslagsform en gætu dregið úr neikvæðri ásýnd námuvinnslunnar á landslagið.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Heimildir

Council of Europe 2019. Bern Convention: Emerald Network of Areas of Special Conservation Interest. www.coe.int/en/web/bern-convention/emerald-network

Environice 2013. Deiliskipulag Skútar í Hörgársveit – Umhverfisskýrsla. https://www.horgarsveit.is/static/files/skipulagsmal/deiliskipulag/skra_0065283.pdf.

HSÁ Teiknistofa 2022. Skútar, Hörgársveit. Deiliskipulag-Skipulagsgreinargerð. Akureyri
Hörður Kristinsson 1999 Gróður í nágreinni Skúta í Hörgárdal. Unnið fyrir Sorpeyðingu Eyjafjarðar. <https://utgafa.ni.is/skyrslur/1999/NI-99018.pdf>

Landmótun 2022. Breyting á aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024. Breytingar í landi Skúta, athafnasvæði, AT1, efnistökusvæði E5 og afþreyingar – og ferðamannasvæði AF2. Greinargerð. Landmótun, Ssveitarfélagið Hörgársveit.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. <https://www.althingi.is/lagas/149c/2013060.html>

Náttúrufræðistofnun Íslands 2018. Válisti æðplantna. <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>



Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ásrún Elmarsdóttir, Borgþór Magnússon, Guðmundur Guðmundsson, Ingvar Atli Sigurðsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Kristján Jónasson, Lovísa Ásbjörnsdóttir, Marianne Jensdóttir Fjeld, Sigmar Metúsalemsson, Starri Heiðmarsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Þóra Hrafnisdóttir og Trausti Baldursson 2019. Framkvæmdaáætlun náttúruminjasráðs 2018: svæðaval og ávinningur verndar. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-19008. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Sigurður H. Magnússon, Borgþór Magnússon, Ásrún Elmarsdóttir, Sigmar Metúsalemsson og Hans H. Hansen 2016. Vistgerðir á landi. Í Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi, bls. 17–169. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf

Starri Heiðmarsson 2022. Breyting á deiliskipulagi Skúta í Hörgársveit – Umhverfisskýrsla. Unnið fyrir Skútaberg ehf.

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, náttúruverndarsvið

